



Reykjavík, 8. desember 2021  
R21060145  
1360

## Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

### *Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar*

Á fundi forsætisnefndar föstudaginn 2. desember 2021, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. júní 2021, sbr. vísun borgarstjórnar frá 11. júní 2021 á tillögu Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta, um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. desember 2021.

Forsætisnefnd samþykkti erindið.

Forsætisnefnd ásamt áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:


Forsætisnefnd samþykkir þessa tillögu og hvetur ráð og svið borgarinnar til að fylgja þessum málum vel eftir og afgreiða hratt. Það fer vel á því að forsætisnefnd fái tilkynningar þegar ráð borgarinnar afgreiða tillögur frá Reykjavíkurráði ungmenna. Eins væri gott að forsætisnefnd fá tvisvar á ári upplýsingar um stöðu þessara tillagna. Það má einnig nefna að nú er verið að taka upp skjölunarkerfið Hlaðan, hjá borginni, og með því verður mun auðveldara að fylgjast með framgangi og stöðu tiltekinna tillagna.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista styður heilshugar tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins finnst að það taki ráð og nefndir Reykjavíkurborgar almennt séð allt of langan tíma að afgreiða og vinna tillögur þ.m.t. tillögur minnihlutafulltrúa borgarstjórnar. Dæmi eru um að meira en eitt ár og jafnvel eitt og hálft ár hafi liðið frá því að tillaga er lögð fram og þar til hún kemur til afgreiðslu á fundi. Þess vegna styður fulltrúi Flokks fólksins heilshugar tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegra. Vonandi mun afgreiðslutími almennt séð styttast hvort sem um er að ræða tillögur eða erindi sem berast Reykjavíkurborg.



Ívar Vincent Smárasen  
e.u.

Samrit:

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Skipulags- og samgönguráð

Skóla- og frístundaráð

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. júní 2021

Umsögn skrifstofu borgarstjórnar



Reykjavík, 2. desember 2021

R21060145

1360

Forsætisnefnd

***Umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillögu Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um afgreiðslutíma tillagna.***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta þar sem lagt var til að borgarstjórn feli skrifstofu borgarstjórnar að finna leiðir til að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fyrir á rlegum fundi með borgarstjórn og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegar. Tillögunni var vísað til meðferðar forsætisnefndar sem óskaði eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um hana.

**Umsögn:**

Í gildi eru verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna sem forsætisnefnd samþykkti í febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að það er skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á því f.h. borgarstjórnar að koma samþykktum og vísuðum tillögum í farveg til fagsviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar. Í bréfi skal tilgreina nákvæmlega afgreiðslu tillögunnar og athygli viðtakanda vakin á því að fara skal með tillöguna á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Fagráð eru jafnframt hvött til þess að boða tillöguflytjanda á fund til að kynna efni tillögunnar.

Í 6. gr. reglnanna kemur fram að þau fagráð og miðlægar skrifstofur sem eru með tillögur ungmenna til meðferðar, **bera ábyrgð á því að afgreiða hana á fullnægjandi hátt eins skjótt og auðið er.** Heimilt er að óska umsagna um tillöguna en ekki er gert ráð fyrir því að tillögum sé vísað til meðferðar á annan stað innan stjórnsýslu Reykjavíkur. Senda skal afrit af öllum bréfum vegna tillögunnar til starfsmanns Reykjavíkurráðs ungmenna og til skrifstofu borgarstjórnar.

Með vísan til ákvæði gildandi reglna er ljóst að forsætisnefnd hefur unnið mjög skyran feril og leiðbeiningar fyrir meðferð tillagna og ekki er séð í fljótu bragði hvernig forsætisnefnd og

skrifstofa borgarstjórnar geta flýtt ferlinu enda er vinnslutími algerlega háður viðkomandi fagráði sem fær tillöguna til meðferðar. Að því er varðar þann hluta tillögunnar er snýr að því að gera upplýsingar um úrvinnsluferlið aðgengilegar þá er gert ráð fyrir algerri umþytingu á þeim málum almennt að því er varðar gögn og afgreiðslur ráða og nefnda með innleiðingu Hlöðunnar, nýs mála- og skjalakerfis Reykjavíkurborgar.

Þrátt fyrir ofangreint mælir skrifstofa borgarstjórnar með því að forsætisnefnd samþykki tillöguna óbreytta enda er það sameiginlegt markmið allra starfsmanna sem að málín koma að gera sífellt betur og hraðar í meðferð þeirra erinda sem Reykjavíkurráð ungmenna og borgarstjórn senda sameiginlega til vinnslu í kjölfar sameiginlegs fundar.

#### Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna.

## Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna

1. Skrifstofa borgarstjórnar boðar, í samráði við starfsmann Reykjavíkurráðs ungmenna, til undirbúningsfundar í upphafi árs, til að ákvarða tímasetningu og fyrirkomulag árlegs fundar Reykjavíkurráðs ungmenna með borgarstjórn.
2. Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna skulu berast skrifstofu borgarstjórnar á fimmtudegi fyrir fund Reykjavíkurráðsins. Tillögurnar og meðfylgjandi greinargerðir skulu fullnægja skilyrðum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og merktar tillöguflytjanda.
3. Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna eru lagðar fram á fundi forsætisnefndar sem semur dagskrá sameiginlegs fundar borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Dagskrá fundarins og tillögurnar eru sendar borgarstjórn að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fund.
4. Auglýsa skal sameiginlegan fund borgarstjórnar og Reykjavíkurráðsins í Ráðhúsi Reykjavíkur og á vef Reykjavíkurborgar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og greina þar dagskrá fundar. Dagskrá fundarins skal með sama fyrirvara send fjöldum.
5. Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á því að koma samþykktum og vísuðum tillögum í farveg til fagsviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar. Tilgreina skal afgreiðslu tillögunnar og athygli vakin á því að fara skal með tillöguna á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráði verði boðaður á viðkomandi ráðsfund til að kynna efni tillögunnar.
6. Fagráð og miðlægar skrifstofur sem eru með tillögur til meðferðar, bera ábyrgð á því að afgreiða hana á fullnægjandi hátt eins skjótt og auðið er. Heimilt er að óska umsagna um tillöguna en ekki er gert ráð fyrir því að tillögum sé vísað til meðferðar á annan stað innan stjórnsýslu Reykjavíkur. Senda skal afrit af öllum bréfum vegna tillögunnar til starfsmanns Reykjavíkurráðs ungmenna og til skrifstofu borgarstjórnar.
7. Skrifstofa borgarstjórnar boðar, í samráði við starfsmann Reykjavíkurráðs ungmenna, til stöðufundar í lok árs til að yfirfara afdrif og stöðu tillagnanna. Á stöðufundinn skal boða fráfarandi og nýja fulltrúa ráðsins, forsætisnefnd og tengiliði þeirra sviða sem fengu tillögu til meðferðar.

Samþykkt í forsætisnefnd 13. febrúar 2015.



Reykjavík, 16. júní 2021  
R21060145  
1360  
ívs

## Forsætisnefnd

### *Tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar*

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn feli skrifstofu borgarstjórnar að finna leiðir til að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fyrir á árlegum fundi með borgarstjórn og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegar. Lagt er til að úrbætur verði kynntar eigi síðar en í janúar 2022.

#### **Greinargerð:**

Það getur tekið ráð og nefndir Reykjavíkurborgar langan tíma að afgreiða og vinna með þær tillögur sem til þeirra er vísað í framhaldi af fundi ungmenna með borgarstjórn. Það er mikilvægt að ungmenni upplifí að á þau sé hlustað og að einfalt sé að leita upplýsinga um stöðu tillagna. Því er lagt til að leitað verði leiða til að stytta ferlið, að upplýsingar um stöðu og úrvinnslu tillagna verði aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og að þær séu uppfærðar reglulega.

Samþykkt var að vísa tillöggunni til meðferðar forsætisnefndar.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um

endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af forsætisnefnd fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.